

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 25. september 2024 klukkan 09:03

Titill

Þjóðsagan um Galdra-Loft, manninn og myrkrið, dauðann og djöfulinn.

Höfundur

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (1958)

Tímarit

Tímarit Máls og menningar

56. árgangur 1995

1. tölublað

Bls. 91-99

Vefslóð

<https://timarit.is/gegnir/991005734709706886>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.

Þjóðsagan um Galdra-Loft

manninn og myrkrið — dauðann og djöfulinn

Ein magnaðasta þjóðsaga sem sögð hefur verið á íslensku — sú sem löngum hefur verið álitin ein myrkasta mannhaturs saga 18. aldar — er sagan af Galdra-Lofti. Hún hefur orðið mörgum tilefni túlkunar og heilabrota um innsta eðli mannsins og hinstu rök tilverunnar. Um þessa sögu smíðaði Jóhann Sigurjónsson leikverk sitt *Óskina* sem nú síðast var sett á svið Borgarleikhússins í vetur. Um verkið var nokkuð fjallað, eins og von var á, og sýndist sitt hverjum um túlkun höfuðpersónunnar. Þessum skrifum er ekki ætlað að ganga inn í þau skoðanaskipti, heldur að rifja upp söguna af þessum ólánsama skólapilti á Hólum og skoða hana: 1) í samhengi við sagnahefðina á þeim tíma sem hún spratt upp, og 2) með túlkun á persónu Lofts eins og hún birtist okkur í leikverki Jóhanns Sigurjónssonar.

Skólapiltur á Hólum

Loftur Þorsteinsson — tíðast nefndur Galdra-Loftur — var uppi í byrjun átjándu aldar (ca. 1700–1722), og var skólapiltur á Hólum þegar sagan gerist. Meðan á skólavistinni stóð segja munnmælin að hann hafi verið forsprakki að ýmsum galdraglettum, býsna afdrifaríkum.

Lofts er fyrst getið í Árbókum Espólíns. Þar er frá því sagt að hann gerði skráveifur séra Þorleifi Skaftasyni sem af þeim sökum þurfti að ganga af hesti sínum í miðri á með hempuna undir hendinni.¹⁾ Í yngri munnmælum er einnig getið um ósvífin galdrabrögð Lofts. Meðal þess sem hann átti að hafa tekið sér fyrir hendur var að gandríða þjónustustúlku. Aðra stúlku barnaði hann og fyrirkom síðan með því að galdra hana inn í vegg sem luktist utan um hana (er þar trúlega komið tilefnið að persónusköpun Steinunnar í leikverki Jóhanns). Mergjaðasta atriðið í frásögnum af Galdra-Lofti er þó tilraun hans til þess að koma höndum yfir galdrabók sem ýmist er nefnd *Gráskinna* eða *Rauðskinna* Gottskálks biskups grimma.

Sagan er til í tveimur gerðum, annarsvegar skráð af Gísla Konráðssyni, hinsvegar af sr. Skúla Gíslasyni, samtíðarmanni Jóns Árnasonar. Þó sagna-

gerðirnar séu báðar skráðar um miðja nítjándu öld má segja að skrásetjararnir séu fulltrúar tveggja kynslóða. Af sögunum tveimur má ráða hvernig kynslóðabilið á milli þeirra birtist í ólíku viðhorfi til ritmálsins.

Inn í frásögn sína af Galdra-Lofti tekur Gísli stuttan kafla úr Árbókum Espólíns um fyrrnefnda viðureign Lofts (sem hann segir Gunnarsson) og Þorleifs Skaftasonar. En Loftur gerði Þorleifi glettu að ráði manns sem hafði lagt hug á og tælt heitmey Þorleifs. Í frásögn Gísla er Loftur ennfremur sagður hafa verið í fóstri hjá Þormóði í Gvendareyjum. Honum er lýst sem böldnum og illkvittnum skólastrák sem meðal annarra óknytta magnaði upp gjörningaveður á Jón Gunnlaugsson, með þeim afleiðingum að Jón kól á fæti. Í þessari gerð sögunnar liggur meginþunginn á tilraun Lofts til þess að koma höndum yfir galdrabókina, sem þar er nefnd Gráskinna. Í þeim tilgangi vakti hann upp í kirkjugarðinum, þrjár nætur í röð, án þess að bókinn kæmist í hendur hans. Var Lofti svo umhugað að ná bókinni að hann gerði „kontrakt“ um sálu sína:

... var það innar á skálagólfi, og trúðu sumir skólapiltar því allt fram yfir lok 18. aldar, að jafnan sæust spor hans ökkldjúp í skálagólfið, svört sem sviðin væri.²⁾

Um síðir lagði hann á ráðin með þrem skólafélögum sínum sem komust að þeirri niðurstöðu:

... að messa skyldi í kirkjunni og snúa öllu öfugt, því með Gottskálki biskupi Gottskáلكssyni væri Gráskinna grafin í kórgólfi, og engin von, að hún upp kæmi utan kirkju ... gengi biskupi það til, að láta jarða hana með sér, að hún yrði engum að meini.³⁾

Er ekki að orðlengja það að þeir félagar skipta með sér verkum, og tekur Loftur til við særingarnar. Þegar nokkuð er liðið á nótt kemur moldargusa upp úr kórgólfi en því næst hönd með hring á fingri sem hélt um kjöl hálfopinnar bókarinnar. Loftur greip til en félagar hans þrifu of snemma í klukknastrænginn svo allt sökk aftur. Stóð Loftur eftir með blaðsíðuslitur í höndunum. Hneig hann þá niður og mælti „Þar fóruð þið með sálina mína!“. Eftir þetta var Lofti komið fyrir hjá séra Halldóri Brynjólfssyni á Staðarstað sem lét gæta hans við hvert fótmál. Einhverju sinni þegar prestur var að heiman komst Loftur þó yfir bátskænu og út á sjó þar sem hann steypiti sér útbyrðis, og sást ekki síðan.

Stíllinn í sögu Gísla er lagaður að stíl forn málsins, frásögn hans er sterk en yfirlætislaus. Segja má að meginþunginn hvíli á galdrakukli Lofts þar sem greinilega gætir andúðar á athæfinu.

„Vel er sungið, sonur“

Frásagnarháttur Skúla hinsvegar er öllu skáldlegri og tilþrifameiri, enda var það sú gerð sögunnar sem Jóhann Sigurjónsson hafði til hliðsjónar er hann samdi leikverk sitt um Galdra-Loft.⁴⁾ Saga Skúla er birt í Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar, og hefst með því að sagt er frá galdrabrellum Lofti í skóla, þar á meðal gandreiddinni sem getið var um að framan. Einnig er sagt frá ófrísku Þjónustustúlkunni sem hvarf inn í vegginn. Er auk þess getið um óvild þeirra Lofti og séra Þorleifs en ekki minnst á heitmeyna. Eftir að Loftur hefur lært allt sem hann getur úr Gráskinnu og árangurslaust leitað meiri þekkingar til annarra galdramanna gjörðist hann:

... svo forn og illur í skapi að allir skólapiltar urðu hræddir við hann; þorðu þeir ekki annað en láta allt vera sem hann vildi þó þeim stæði stuggur af.

Einhverntíma snemma vetrar kom Loftur að máli við skólapilt einn sem hann vissi að var hugaður og bað hann að hjálpa sér til að vekja upp biskupa þá hina fornu. Hinn taldist undan, en Loftur kvaðst þá mundi drepa hann.⁵⁾

Lyktir málsins urðu þær að pilturinn lét undan og skömmu eftir háttatíma fóru þeir á fætur og út í kirkju, þar sem Loftur tók sér stöðu í prédikunarstóli og hóf særingar:

Tunglskin var úti svo bjart var í kirkjunni ... Kom bráðum maður upp úr gólfinu með alvarlegum og þó mildum svip og hafði kórónu á höfði; þóttist skólapiltur vita að þar mundi kominn hinn elzti biskup; hann sagði við Loft: „Hættu vesall maður meðan tóm er til því þungar munu þér bænir Gvöndar bróður míns ef þú ónáðar hann.“ Loftur sinnti því ekki og hélt áfram að særa. Komu nú allir hinir gömlu biskupar í röð og skiptu þeir eitthvað lítið orðum við Loft, en ekki er getið hvað það var ... engin forneskja duldist með neinum þeirra. Gottskálk þrumdi þetta af sér; tók þá Loftur að særa fyrst að marki og snéri máli sínu að Gottskálki einum, snéri hann þá iðrunarsálmum Davíðs upp á djöfulinn og gjörði játningu fyrir allt sem hann hefði vel gjört. Stóðu þá þrír hinir kórónuðu biskupar lengst frá með upplyftum höndum og snéru andlitum móti Lofti, en hinir horfðu undan og á þá. Heyrðust þá dunur miklar og kom upp maður með staf í vinstri hendi og rauðri bók undir hinni hægri; ekki hafði hann krossmark á brjósti; leit hann óhýru auga til biskupanna, en horfði glottandi til Lofti er særði þá sem fastast. Gottskálk færðist hótí nær og sagði háðslega: „Vel er sungið, sonur, og betur en ég hugði, en eigi nær þú Rauðskinnu minni.“ Loftur umhverfðist þá og hamaðist og var

sem aldrei hefði hann sært fyrr. Snéri hann þá blessunarorðunum og faðirvori upp á djöfulinn; kirkjan hrikti öll og lék á reiðiskjálfi...⁶⁾

Hvað sem líður þessum heiftarlegu særingum er Loftur talinn eiga sér viðreisnar von samkvæmt sögunni. Honum er komið fyrir hjá „séra N. á Staðarstað“ (sögumaður man ekki nafn prestsins) en hann var svo mikill trúmaður að öllum þeim sem sturlast höfðu eða orðið fyrir gjörningum batnaði við handayfirlagningu hans. Ekki dugði það þó til í tilfelli Lofts.

Höfuðskepnur eða menn

Eins og sjá má er saga Skúla með nokkuð öðrum blæ en frásögn Gísla. Í síðari gerðinni er persóna Lofts gædd sterkara lífi en í fyrri frásögninni, og boðskapur sögunnar lýtur að sálarheill hans. Í riti sínu *Um íslenskar þjóðsögur* fjallar Einar Ólafur Sveinsson um báðar sagnagerðirnar, og lýsir frásögn Gísla svo:

Mynd galdramannsins er önnur hjá Gísla en Skúla. Í sögu Gísla kemst engin önnur tilfinning að en kunnáttuþorstinn /.../ og Loftur er alveg samvirklaus í galdrabrellum sínum /.../ Í sögu séra Skúla af Galdra-Lofti er eins og alþýðusögnin sé á leiðinni að verða að einhverju hærra, goðsögn má ef til vill kalla það ... Hugmyndirnar, sem í henni búa frá upphafi og hafa heldur glæðzt en fólkskvæzt í frásögn skólapilta, skýrast og dýpka hjá honum, en við breytingu söguhetjunnar fær sagan mannlegri og viðfelldnari anda; hún fær þannig almennara gildi en saga Gísla, sem fjallar um höfuðskepnur en ekki menn.⁷⁾

Hér verður ekki fallist á það viðhorf Einars Ólafs að illska galdramannsins sé alger í sögu Gísla. Það er til dæmis sú sagan sem skýrir galdrabókina í gröf biskups með þeim ásetningi hans „að hún yrði engum að meini“. Ekki verður heldur í sanngirni sagt að Gísli dragi upp ómannlega mynd af Lofti. Hann er ekki allur í sögu Gísla. Hinsvegar er hann heillum horfinn, og þar er munur á.

Hitt er rétt að í meðförum Skúla skerpast andstæðurnar, og tilþrif í frásagnarhætti eru óneitanlega meiri. En að fullyrða að saga Gísla fjalli „um höfuðskepnur en ekki menn“ er í ósamræmi við frásögnina sjálfa. Þrátt fyrir allt er það saga Gísla sem sýnir Loft á bátskænunni, nokkrum augnablikum áður en hann steypir sér útbyrðis. Þar sjáum við einmana og afvegaleiddan skólapilt í sjálfsmorðshugleiðingum. Það er sami pilturinn og greip í örvænt-

ingu um höfuð sér þegar honum var ljóst að leikurinn var tapaður í kirkjunni. „Höfuðskepnurnar“ — eins og það orð er skilgreint í orðabókum⁸⁾ — koma lítið við þessa sögu. Loftur tekur sjálfur líf sitt, en er ekki „tekinn“ eins og í sögu Skúla þar sem hann er bókstaflega dreginn niður í undirheimana:

Maður þóttist sjá það af landi að grá hönd og loðin hefði komið upp þegar báturinn var kominn út fyrir landsteinana og hefði tekið um skutinn þar sem Loftur sat og dregið svo alltsaman í kaf.⁹⁾

Þannig fór um sjóferð þá. Hitt vitum við ekki, hvað það raunverulega var sem þessi ólánsami skólapiltur gerði til þess að verðskulda söguna um sig og þá andúð sem enn þann dag í dag hvílir yfir minningu hans. Trúlega hefur hann þótt blendinn í trúnni — og heimildir herma að glettur hans hafi verið með ósvífnara móti. Enginn veit hvort afstaðan til Lofts hefði orðið önnur ef hann hefði notið lengri lífdaga, náð að taka út þroska og komast til veraldlegra metorða. Þjóðsagnahefðin spyr ekki að því hvað hefði gerst, „ef“. Hinsvegar er því ekki að neita, að jafnvel í sögunni af Galdra-Lofti örlar á fyrirgefningartóni.

Hugmyndapræðir þjóðsögunnar

Báðar taka sagnagerðirnar af allan vafa um að Loftur framdi djöfullegt athæfi við galdrakúnstir sínar. Hann veðdró sig djöflinum — lagði sál sína að veði — og tortímði sjálfum sér. Tilgangurinn var persónuleg valdafíkn og eigin upphefð. Galdrar hans voru hvorki framdir til heilla né varnaðar. Loftur nýtur því takmarkaðrar samúðar í sagnahefðinni, og jafnvel þótt góðir menn reyni að bjarga honum hlýtur hann makleg málagjöld. En afdrif Galdra-Lofts eiga sér ennfremur flóknari skýringar en þær sem þegar hafa verið nefndar.

Loftur á fleiri sína líka í þjóðsögum vítt um Evrópu á 18. öld — og hér á landi kveður um sama leyti minna að hófsömum og mildum galdramönnum í munnmælum. Vert er að hafa í huga hversu tilefni sögunnar er ungt þegar hún blossar upp. Að mörgu leyti var Loftur „réttur maður á réttum stað“; fæddur inn í söguþráð sem beið hans. Hugmyndir sögunnar og boðskapur hennar voru þegar til staðar um það leyti sem Loftur sjálfur kemur inn á sjónarsviðið. Til dæmis má geta þess að frásögnin af særingunni, þegar biskupinn í Hólagarði er vakinn upp, á sér hliðstæður. Ein eldri gerð er frá ofanverðum dögum Árna Magnússonar. Þar er það „félagsmaður“ Sæmundar fróða, Jón að nafni, sem reynir með ráðum Sæmundar að ná til sín galdrabók með því að særa upp dauðan galdramann.¹⁰⁾ Sú saga er skrásett sama ár og Loftur fæðist.¹¹⁾ Auk þess má nefna að í Heiðrekssögu kemur

fyrir sagnaminnið af særingu sem framin er til að neyða dauðan mann til að láta sverð sitt af hendi.¹²⁾ En hugmyndaþræðirnir liggja víðar.

Í fyrsta lagi er samlíkingin við Lúsifer næsta augljós. Loftur bjó við kristilegt atlæti í góðum skóla — líkt og Lúsifer bjó við gott atlæti í himnaríki. Hvorugur sætti sig við þær skorður sem þeim voru settar; þeir afneituðu auðmýktinni, risu upp og tóku sér sköpunarvald sem þeim ekki bar. Þar með brutu þeir af sér og féllu niður í myrkraríkið.

Faust-minnið hefur einnig orðið mörgum tilefni túlkunar á persónugerð Galdra-Lofts, eins og hún birtist í þjóðsögum og ekki síður í leikriti Jóhanns Sigurjónssonar.¹³⁾ Georg Faust var uppi í Þýskalandi (u.þ.b. 1480–1540) og lagði stund á stjórnuþeki, læknisfræði og gullgerðarlist. Spunnust um hann margar sögur sem birtust á prenti 1587 í bókinni *Historia von D. Johann Fausten*.¹⁴⁾ Samkvæmt þeim sögum gerði Faust samning við útsendara djöfulsins, Mephistopheles að nafni, og síðar djöfulinn sjálfan. Í þeim samningi fólst að djöfullinn myndi þjóna Faust í 24 ár, en hljóta sál hans að launum, sem hann og gerði. Um þetta efni skrifaði Goethe sitt ódauðlega leikrit *Faust*.

Á síðari hluta 19. aldar kom einnig fram ofurmenniskening Friedrichs Nietzsches (1844–1900) sem gerði ráð fyrir að hverjum manni væri meðfædd þrá til valds og fullkunnar sem miðaði að því að yfirstíga hverskyns veikleika, þar á meðal auðmýkt og meðaumkun. Til sanns vegar má færa að þjóðsagan um Galdra-Loft býður upp á úrvinnslu þeirra hugmynda sem Nietzsche setti fram enda þótt draga megi í efa að hún sé af þeim sprottin. Því hafa menn velt fyrir sér hvort leikrit Jóhanns Sigurjónssonar hafi verið úrvinnsla á ofurmennishugtaki Nietzsches ellegar ummyndun á Faust.

Maður og myrkur

Segja má, að túlkun á leikriti Jóhanns Sigurjónssonar geti opnað ákveðna sýn á persónusköpun og boðskap þjóðsögunnar. Hinsvegar má geta þess að þeir íslensku leikarar sem farið hafa með hlutverk Lofts í gegnum tíðina, hafa valið hver sína persónusköpun, og túlkun þeirra hefur borið sterkan keim af tíðarandanum hverju sinni.¹⁵⁾ Þannig voru ofurmennishugmyndin, illska og grimmd ráðandi í túlkun Lárusar Pálssonar 1948; gáfur og viljastyrkur, krydduð demónísku eðli í leik Gunnars Eyjólfssonar í Þjóðleikhúsinu 1967; taugaveiklun og ungæðisháttur sem endar með sturlun í tjáningu Arnars Jónssonar hjá Leiksmiðjunni 1968; og loks örvænting og ráðaleysi einrænnar sálar í meðförum Benedikts Erlingssonar í Borgarleikhúsinu 1994. Minnti sú túlkun meira á persónusköpun andfélagslegs unglings í vímuefnavanda,

en hins gáfaða, ófyrirleitna og kynþokkafulla Lofts sem lesandinn kynnist í handriti leikverksins.

Þeir fræðimenn sem hafa fjallað um persónusköpun Lofts, hafa seilst djúpt í bæði samfélagslegar og sálrænar skýringar. Til að mynda er fróðlegt að grípa niður í leikrýni Dagnýjar Kristjánsdóttur frá árinu 1985:

Það er ... ekkert „þægilegt“ að samsama sig Lofti ... Og menn vilja það ekki. Lausnin er sú að gera Loft að tragískri hetju og höggva þá af hæl og tá — eða láta sér fátt um finnast ... Í yngri túlkunum verksins er skilningurinn orðinn opnari, meiri vilji til að nálgast textann á hans forsendum, en þar er að finna sömu tilhneiginguna til að búa til samræmi, líta fram hjá þversögnum textans og hinu óhugnanlega, fráhrindandi við hann. Um leið er það hið demoníska í verkinu, sem laðar menn að því aftur og aftur.¹⁶⁾

„Hið demoníska“ sem Dagný gerir þarna að umtalsefni, liggur eins og rauður þráður í gegnum báðar gerðir þjóðsögunnar og laðar menn að henni „aftur og aftur“. Meðal annars vegna þess að sagan er á vissan hátt „dauðafantasía“; hún daðrar við dauðann og syndina; tekur á hinu forboðna og hættulega. Lífsháski sögunnar er fólgin í einsemd mannsins:

... varð hann [Loftur] nú hljóður mjög og því næst sturlaður, svo að hann þoldi ekki að vera einn og kveikja varð ljós fyrir hann þegar rökkva tók.¹⁷⁾ [innskot óþ]

Það er einsemdin sem er hið alltumlykjandi myrkur í sálu Lofts Þorsteins-sonar. Líkt og í leikritinu leitast Galdra-Loftur þjóðsögunnar við að „beisla myrkið“ en er ófær um það.

Sérstaða Galdra-Lofts

Þær sögur sem gengið hafa af íslenskum galdramönnum í gegnum tíðina eiga það flestar sameiginlegt að vera óttalausar sögur af mikilmönnum; nokkurskonar hetjusögur í munnmælum. Þær fjalla um vel kynnta fróðleiksmenn; einkum presta og höfðingja sem beita oft ráðkænsku og galdrabrellum til þess að stugga frá illum sendingum, og aðstoða með því fólk í þrengingum. Þetta eru yfirleitt knappar frásagnir af einstökum atvikum, einkanlega sögur af Sæmundi og viðureign hans við kölska. Þegar nær dregur áttjándu öldinni lúta þessi sagnaefni í lægra haldi fyrir mergjaðri frásögnum af galdraiðju ýmiskonar og ónafngreindu galdrahyski.

Sagan af Galdra-Lofti getur ekki talist dæmigerð fyrir íslenskar sögur af

galdramönnum — þvert á móti. Hún er í hópi yngstu sagna, og lýtur lögmálum epíkur mun betur en almennt gerist með þjóðsögur, ef frá eru talin ævintýri. Þetta er skáldleg og tilprifamikil frásögn sem er frábrugðin þeim fábrotnu sögum sem áður höfðu gengið af nafnþekktum galdramönnum. Viðhorfið sem hún birtir er sömuleiðis ólíkt þeirri aðdáun sem skín úr eldri frásögnum af nafntogudum galdramönnum.

Við nánari athugun á galdrasögum kemur í ljós að viðhorfið til galdranna er stéttskipt. Vissulega virðist afstaða almennings til galdurs hafa ráðist af því hvernig kunnáttan var nýtt; hvort hún var notuð í eiginhagsmunaskyni og öðrum til ills, ellegar í annarra þágu. En það verður heldur ekki framhjá því litið að þeir galdramenn sem óvandaðir eru, og verðskulda andúð í meðförum sagnanna, eru yfirleitt úr „lægri“ stigum þjóðfélagsins.¹⁸⁾ Annarsvegjar höfum við velviljaða presta og höfðingja (t.d. Sæmund fróða og Straumfjarðar-Höllu) en hinsvegar óbreytta alþýðumenn (t.d. Þormóð í Gvendareyjum), jafnvel illa innrætta og drykkfellda (t.d. Stokkseyrar-Dísu).

Loftur hefur þá sérstöðu að staða hans í samfélaginu er tvísýn. Hann er nokkurskonar stéttleysingi; hvorki alþýðumaður né menntamaður, hvorki ríkur né fátækur, og höfðar því hvorki til aðdáunar né samúðar. Tilgangur hans með iðju sinni er auk þess nokkuð annar en forvera hans og „starfsbræðra“. Hann kann sér ekki hóf, mangar til við djöfulinn og gengur of langt. Fróðleiksþorsti Galdra-Lofts — „máttugur eins og náttúruafl“¹⁹⁾ — á sér engan annan sýnilegan tilgang en þann, að komast að endimörkum eigin getu. Hann ögrar þannig bæði samfélagslegum og hugmyndafræðilegum gildum og nýtur þessvegna hvorki samhygðar né hylli.

Átök tveggja heima

Þjóðsagan, líkt og ævintýrið, fjallar oft um eina söguhetju sem er ferðalangur á milli heima. Á það ekkert síður við um galdramannasögur, að þær fjalla um „söguhetjur“ í orðsins fyllstu merkingu, og í þeim er ferðast „á milli heima“. Hvernig ferðalöngunum farnast ræðst hinsvegar af tilefni fararinnar — í því felst boðskapur sagnanna.

Sá boðskapur er yfirleitt einn og hinn sami: Leiðin til helvítis og tortímingar liggur í gegnum sérgæsku og illgirni sem leiðir af sér svartan galdur. Sálárheill og himnaríki verða hinsvegar hlutskipti hinna hjálpfúsu sem beita „hvítum galdri“ til heilla. Það er m.ö.o. tilgangurinn sem helgar meðalið, eins og oft áður.

Í flestum gerðum þjóðsagna takast á mannheimar og huliðsheimar, heiðnar hugmyndir og kristnar, svo dæmi sé tekið. Hverjum þeim sem gluggar í íslenska þjóðsagnageymd verður fljótlega ljóst að það lifir enginn

í tveimur heimum. Þeir sem ganga í hóla, á vit álfa og huldufólks, ellegar tryllast og ganga í fjöll, eiga ekki afturkvæmt. Enginn er fær um að gefast vættum á vald þannig að hann geti eftir það talist maður.

Þessi togstreita milli heima er, eðli málsins samkvæmt, mjög skýr í galdra-sögum. Þar birtist hún enn fremur í afstöðunni til menntunar og menntamanna.

Enda þótt flest rök hnígi að því að Íslendingar hafi verið vel læsir miðað við aðrar þjóðir, var skólaganga ekki hlutskipti alþýðu fólks. Latínan sem klerkar lærðu var alþýðunni framandi og bækur voru af skornum skammti. Lærðir menn virðast því í augum almúgafólks hafa verið af „öðrum heimi“. Þeir kunnu og vissu meira en almennt gerðist og fólk virðist ekki hafa gert sér skynsamlegar hugmyndir um það hvað í lærdómnum fólst. Lærðir menn voru því nokkurskonar annars heims verur. Afdrif þeirra í sagnageymdinni réðust síðan af því hvort þeir gengu alla leið úr einum heimi í annan — líkt og Galdra-Loftur í taumleysi sínu — eða hvort þeim tókst að virða samskiptareglur mannfélagsins og halda sig þannig í „mannheimum“.

Aftanmálgreinar

- 1 *Árbækur Espólins IX*. Deild, Kaupmannahöfn 1828, bls. 40–41.
- 2 Einar Ólafur Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur*, Reykjavík 1940, bls. 192.
- 3 Einar Ólafur Sveinsson, bls. 192.
- 4 Einar Ólafur Sveinsson, bls. 197.
- 5 *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I*, Jón Árnason sá um söfnun og útgáfu, Reykjavík 1961, bls. 573.
- 6 Jón Árnason I, bls. 573–574.
- 7 Einar Ólafur Sveinsson, bls. 197.
- 8 *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*, Ritstjóri Árni Böðvarsson. Reykjavík 1978.
- 9 Jón Árnason, I, bls. 575.
- 10 Jón Árnason, I, bls. 473.
- 11 *Munnmælasögur 17. aldar*, Bjarni Einarsson bjó til prentunar, Reykjavík 1955, bls. 44.
- 12 *Munnmælasögur 17. aldar*, bls. cxiv.
- 13 Jóhann Sigurjónsson, „Galdra-Loftur. Leikrit í þrem þáttum“, *Íslensk úrvalsrit 7*, Njörður P. Njarðvík annaðist útgáfuna og ritar formála, Reykjavík 1973.
- 14 Njörður P. Njarðvík, Formáli að *Galdra-Lofti* eftir Jóhann Sigurjónsson. *Íslensk úrvalsrit 7*, bls. 12.
- 15 Sbr. Jón Viðar Jónsson, „Loftur á leiksviðinu. Galdra-Loftur Jóhanns Sigurjónssonar í íslensku leikhúsi“, *Skírnir* 1980, bls. 24–76. Sjá einnig Dagnýju Kristjánsdóttur, „Loftur á hinu leiksviðinu“, *Tímarit Máls og menningar* 1985, (3), bls. 304.
- 16 *Tímarit Máls og menningar* 1985, (3), bls. 304.
- 17 Jón Árnason, I, bls. 574.
- 18 Ólína Þorvarðardóttir, „Galdur í munnmælum. Hneigð, hlutverk og þróun íslenskra galdrasagna“, óprentuð cand.mag. ritgerð við Háskóla Íslands 1992.
- 19 Einar Ólafur Sveinsson, bls. 196.